



Umsögn til orkumálastjóra um drög að  
frumvarpi til laga um jöfnun og lækkun  
hitunarkostnaðar

Karl Ragnars, Jón Ingimarsson

Greinargerð KR-JI-80/01A

Umsögn til orkumálastjóra um drög að frumvarpi til laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Jöfnun á þeim mikla mismun, sem nú ríkir hér á landi í húshitunarkostnaði er pólitisk spurning og er ekki hægt með sérfræðilegum rökum að taka afstöðu til þess, hve langt skuli gengið í jöfnun kostnaðarins með tilfærslu á fjármunum milli einstaklinga. Þó ber að leggja áherslu á, að aðferð beinnar verðjöfnunar er mjög vandmeðfarin, einkum vegna þess hve dreifing húsrýmis og húshitunarkostnaðar er mikil og er hætta á, að niðurgreiðslur sem beinast einungis að dýrustu tegund orkugjafans þ.e. oliunni leiði til þess, að hún verði þar með notandanum hagstæðari kostur en einhver annar, sem völ er á. Afleiðingar beinnar verðjöfnunar verða þær, að heildarkostnaður landsmanna af upphitun verður meiri en ella þyrfti að vera, bæði vegna rangs verðskyns og minni hvatningar til að spara orku.

Um samanburð beinnar verðjöfnunar og annarra aðferða til jöfnunar á upphitunarkostnaði vísast til greinargerðar Orkustofnunar "Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa 77. mál" dagsett 1980-02-19.

Megininntak í drögum að frumvarpi til laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar er hækjun á óliustyrk og breyttar reglur við úthlutun styrksins. Í 1. grein frumvarpsins segir: "með lögum þessum er stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu". Í 2. grein frumvarpsins segir að þessum markmiðum skuli náð með:

- "1. Með fjárhagslegum stuðningi við þá sem búa við óliukyndingu.
2. Með hagkvæmri orkunotkun og orkusparnaði.
3. Með aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu."

Pessar tvær greinar benda til að auk óliustyrks sé átlunin með frumvarpinu að stuðla að hagkvæmari orkunotkun og frekari nýtingu á innlendum orkugjöfum við upphitun. Í greinargerð kemur þó í ljós að þetta stenst ekki. Niðurgreiðsla er talin kosta 4574 Mkr á árinu 1980 og miðað við fyrirhugaða tekjuöflun yrðu aðeins tæpar 400 Mkr afgangs til

1980-03-25

---

þess að gera orkunýtinguna hagkvæmari og til aukningar á innlendum orkugjöfum til húshitunar.

Þótt ástæða kunni að vera til þess að létta fólki sárustu byrðarnar af miklum kostnaði við oliukyndingu er ljóst, að það á einkum við þau tilvik þar sem orkusóun á sér stað vegna ófullnægjandi frágangs híbýla eins og síðar verður vikið að. Þess vegna má engu minni áherslu leggja á aðgerðir til betri nýtingar á oliu og útrýmingar hennar með innlendum orkugjöfum eftir því sem föng eru til. Beinn oliustyrkur dregur úr viðleitni og áhuga á heildarsparnaði og þess vegna kann að vera nauðsynlegt að lögfesta þá skiptingu fjármuna, sem annars vegar fara í styrkinn og hins vegar í fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að þær ekki verði hornreka fyrir forgangi útborgana á oliustyrkjum.

Í 4. grein frumvarpsdraganna segir, að meðalhitunarkostnaður oliunotandans skuli ekki vera hærri en sem nemur 15% af launum skv. 3. taxta Dagsbrúnar eftir fjögurra ára starf. Í raun þýðir þetta að ráðstöfunarfé (kaupgeta) oliunotandans skuli vera óháð verðbreytingum á oliu hvort heldur sem verðið hækkar eða lækkar (allt að 40% verðlækkun). Það er á hinn bóginn staðreynd, að vinnsla og notkun annarra orkugjafa svo sem jarðhita og rafmagns er að meira eða minna leyti háð verósveiflum á oliu a.m.k. til lengri tíma litið. Þetta orsakar misrämi á kjörum þeirra, sem annars vegar nota innlenda orkugjafa og hins vegar þeirra sem nota oliu.

Ráunar er spurning, hvort ekki sé hér verið að notast við úrelta viðmiðunaraðverð, aðferð sem notuð hefur verið við útreikning framfærsluvisítolu en sem til stendur að leggja niður einmitt vegna ágalla eins og að ofan greinir.

Í 4. grein segir einnig "Hitunarkostnaður 4. manna fjölskyldu miðast í lögum þessum við 5200 lítra olíunokun á ári". (Til grundvallar er lagt  $400 \text{ m}^3$  hús sem þarf 13 lítra af oliu á ári til upphitunar á hvern fasteignamatsrúmmetra). Mikil dreifing er í oliunokun og er hún frá

1980-03-25

---

minna en 10 lítrum á ári á hvern hitaðan rúmmetra og upp í 40 lítra (samkvæmt mælingum við "Ástands og orkunýtingarkönnun íbúðarhúsa" sem nú fer fram). Í fylgiskjali er gerður samanburður á kostnaði 4ra manna fjölskyldu við upphitun miðað við mismunandi oliunotkun og þann oliustyrk sem frumvarpið gerir ráð fyrir (tafla 1). Einnig eru áhrif oliuverðhækkunar umfram launahækkun skoðuð og er verðlags- og launaþróun ársins 1979 lögð til grundvallar, tafla 2.

Við samanburð á töflum 1 og 2 sést að fjölskylda með tvöfalt meiri oliunotkun er frumvarpið gerir ráð fyrir (t.d. 400 m<sup>3</sup> íbúð og 26 lítra á ári pr. m<sup>3</sup>) þyrfti nú um 40% af dagvinnulaunum 3. taxta Dagsbúnar til að greiða oliuna eftir að styrkurinn hefur verið dregin frá. Kostnaðurinn fer hins vegar upp í 60% af 3. taxta Dagsbrúnar eftir sömu verðlags- og launaþróun og varð á árinu 1979. Fjölskylda sem notar helming þeirrar oliu sem frumvarpið gerir ráð fyrir (t.d. 250 m<sup>3</sup> íbúð og 10,4 lítra á ári pr. m<sup>3</sup>) þyrfti nú rúm 2% af dagvinnulaunum samkvæmt 3. taxta Dagsbrúnar. Eftir hækkanir væri styrkurinn umfram oliukostnað 7,5% af dagvinnulaunum samkvæmt 3. taxta Dagsbrúnar.

Af þessum dænum má ljóst vera að oliustyrkur samkvæmt frumvarpi stuðlar á sama hátt og gildandi lög að frekari ójöfnuði milli oliunotenda. Hins vegar er ljóst að með hagkvæmari oliunotkun og oliusparnaði má jafna hitunarkostnað að nokkru og um leið lækka heildarkostnað við upphitun húsnæðis í landinu. Oliusparnaður verður fyrst og fremst hjá þeim sem búa í illa einangruðum húsum og það eru einmitt sömu aðilar, sem fara verst út úr oliuverðhækkunum.

Í 6. grein er kveðið á um skiptingu oliustyrkja milli heimilana. Ekki eru efni til athugasemda við þessa skiptingu og er hún til bóta miðað við nágildandi ákvæði, þar sem einungis er stuðst við beint hlutfall íbúafjöldans. Hér mætti þó í öryggisskyni setja loft á fjölda oliustyrkja á hvern húsráðanda.

Í 8. grein er lagt bann við greiðslu oliustyrks til þeirra, sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun. Æskilegast væri, að

1980-03-25

---

þessarar greinar væri ekki þörf með því að búa svo um hnútana, að innlendir orkugjafar væru notandanum alltaf hagkvæmari en olía.

Síkt hlýtur að vera farsælast til þess að ná því markmiði, að hafa heildarkostnað við upphitun sem lægstan.

Í 10. grein lið b) er kveðið á um að heimilt verði að styrkja rafveitur, sem nota olíu sem orkugjafa við framleiðslu á raforku til hitunar.

Þessi ákvæði snerta Rarik næstum eingöngu og fer þetta ákvæði fremur illa saman með verðjöfnunargjaldi. Ennfremur er erfitt í framkvæmd að aðgreina þá olíu, sem sérstaklega er notuð í þessa þágu frá annari almennri notkun.

Í 10. grein lið c) er ákvæði um að heimilt verði að styrkja varmaveitu til 3ja ára í því skyni að jafna þann mun, sem orkuverð þeirra kann að vera hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádegnum olíustyrk. Þetta ákvæði er mjög viðtækt og ekki er lagt þjóðhagslegt mat á varmaveituna. Eðlilegra væri að veita þeim varmaveitun sem teljast þjóðhagslega hagkvæmar en verða dýrari en niðurgreidd olía stofnfjárfamlag til jöfnunar.

Í 10. grein lið e) er kveðið á um að heimilt verði að styrkja sveitarfélög vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar. Því ber að fagna, að heimilt verði að styrkja tækniþjónustu til orkusparnaðar í hitun húsa. Hins vegar telur stofnunin óeðlilegt að fela hana frumkvæði sveitarstjórna. Eðlilegra væri að samræming og skipulag slikrar þjónustu væri á einni hendi, þannig að allir landsmenn hefðu jafnan rétt og sömu skilyrði til árangurs.

1980-03-25

## FYLGISKJAL

í töflu 1 er samanburður á kostnaði við hitun húsnæðis eftir oliunotkun. í töflunni er einnig samanburður á kostnaði húseiganda miðuð við að oliustyrkur sé greiddur eftir frumvarpinu miðað við 4ra manna fjölskyldu. Loks er kostnaður húseigandans reiknaður í % af dagvinnutekjum samkvæmt 3. taxta Dagsbrúnar.

TAFLA 1

Oliunotkun 1/ári	Heildar oliu- kostnaður kr/ári	Oliustyrkur skv. frumv. kr/ári	% niður- greiðsla	Kostnaður húseig. kr/ári	% af 3. taxta Dagsbrúnar
5.200	806.000	328.086	40.7	477.914	15.0
10.400	1.612.000	328.086	20.4	1.283.914	40.3
2.600	403.000	328.086	81.4	74.914	2.4

í töflu 2 er sama dæmið reiknað miðað við sömu verðhækkanir á oliu eins og urðu 1979 eða 159,8% og sömu launahækkanir eða 51,6%.

TAFLA 2

Oliunotkun 1/ári	Heildar oliu- kostnaður kr/ári	Oliustyrkur skv. frumv. kr/ári	% niður- greiðsla	Kostnaður húseig. kr/ári	% af 3. taxta Dagsbrúnar
5.200	2.174.309	1.449.791	66.7	724.518	15.0
10.400	4.348.619	1.449.791	33.3	2.898.828	60.0
2.600	1.087.155	1.449.791	133.4	±362.636	±7.5

Hækjun á oliustyrknunum yrði 342%, eða heildar upphæð oliustyrks yrði rúmir 15 milljarðar króna.